

86
16. sept.

REGLUGJÖRÐ

fyrir

alþýðuskólann á Eiðum.

I. KAFLI.

Um markmið skólans og skipun.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum þá almenna mentun, er verði þeim til þroska og gagns í lífinu, og styðja þá til siðgæðis og trúar.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir pílta og stúlkur. Hann er í 2 deildum. Ennfremur skal þeim nemendum, sem lokið hafa prófi úr 2. deild, gefinn kostur á framhaldsnámi einn vetur, ef þeir sækja um það 8 að minsta kosti.

3. gr.

Nemendur njóta heimavistar og er lagt til ókeypis rúmstæði með dýnum, ljós og hiti. Einnig fá þeir nokkur áhöld að láni gegn viðhaldsskyldu.

4. gr.

Búnaðarnámskeið sje haldið í sambandi við skólann hvert vor 6—7 vikur.

5. gr.

Halda skal fyrirlestraskeið fyrir almenning í viku nær miðjum vetri.

II. KAFLI.

Um inntöku í skólann.

6. gr.

Inntökubeiðnir sjeu komnar fyrir 15. ágúst til skólastjóra, og úrskurðar hann um inntöku í skólann.

7. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að umsækjandi sje fullra 16 ára að aldri við byrjun skólaársins.
2. Að hann sje ekki haldinn af neinum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem geti orðið hinum nemendum skaðvænn.

3. Að siðferði hans sje óspilt.
4. Að hann hafi hlotið mentun þá, sem krafist er í lögum 22. nóv. 1907, um fræðslu barna til fullnaðarprófs.
5. Að hann hafi lesið að minsta kosti 5 Íslendingasögur og geti gjört grein fyrir efni þeirra.

Vottorð um þessi atriði, frá presti um aldur og siðferði og kunnáttu og lækni um heilbrigði, fylgi umsókninni, ennfremur yfirlýsing frá manni, sem skólustjóri tekur gildan, um það, að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólann.

III. KAFLI.

Um kensluna.

8. gr.

Kenslugreinar skulu vera þessar: Íslenska, danska, Íslandssaga, mannkynssaga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúrusaga, landafræði, fjelagsfræði, bók-hald, teiknun, handavinna, söngur, leikfimi. Einnig sje flutt erindi um sjálfsuppeldi og veitt tilsögn í kristnum fræðum. Nemendur geta fengið kenstu í ensku, ef þeir óska. Reynt skal að vekja sjálfstæða athugun á vinnubrögðum.

Veita má nemanda undanþágu frá einni námsgrein eða fleiri að nokkru eða öllu, ef skólustjóri og kennarar telja það henta betur námi hans yfirleitt.

9. gr.

Í hverri námsgrein skal kenna og kenstlan miða að því, er hjer segir:

Íslenska.

Nemendur fái mætur á hreinu og fögru máli og úrvalsbókmentum. Þeir skulu vandlesa valda kafla úr fornum bókmentum og nýjum í bundnu og óbundnu máli að minsta kosti 200 bls. og geta skýrt þá málfræðilega, og hraðlesa ekki minna í sambandi við bókmentasögunám. Þeir eiga að geta skrifað stutta ritgjörð á hreinu máli með rjettri stafsetningu og greinarmerkja.

Danska.

Nemendur skulu einkum æfðir í því, að skilja málið, svo að þeir geti viðstöðulítið snúið auðveldri dönsku ólesinni á íslensku. Þeim sje einnig leiðbeint í því að lesa sjer til gagns norsku og sænsku. Aðalatriði málfræðinnar skal nema og festa í huga við stílagjörð.

Íslandssaga.

Nemendur kynnist merkustu heimildum að sögu Íslendinga, og ágrípi hennar í sambandi við sögu Norðurlanda.

86
16. sept.

M a n n k y n s s a g a .

Gefa skal ljóst en stutt yfirlit yfir aðalatriði hennar, einkum síðustu tíma.

S t æ r ð f r æ ð i .

Auk 4 höfuðgreina reiknings með heilum tölum og brotum, eiga nemendur að læra hlutfallareikning, fjelagsreikning, prósentureikning, keðjureglu, jöfnur með einni og tveimur óþektum stærðum, útdrátt kvaðratrótar og út-reikning einfalds flatarmáls og rúmmáls.

N á t t ú r u f r æ ð i .

Kenna skal helstu atriði eðlisfræðinnar.

N á t t ú r u s a g a .

Nemendur læri að athuga og þekkja jurtir, dýr og steina og eignist þannig yfirlit yfir grasafraði, dýrafraði og steinafraði og jarðfraði. Einnig skulu þeir nema heilsufraði.

L a n d a f r æ ð i .

Gefin sje sem ljósust hugmynd um Ísland og svo lönd þau, er það á einkum viðskifti við. Nemendur æfist í því að nota landabréf og myndir sjer til gagns.

F j e l a g s f r æ ð i .

Nemendur fá yfirlit yfir stjórnarskipun Íslands, löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald, einnig yfir atvinnuvegi Íslendinga og þjóðarbúskap. Þeir kynnist helstu fjelagsmálastefnum nú á tímum og sje athygli þeirra vakin á vandasömustu úrlausnarefnum.

B ó k h a l d .

Nemendur verði færir um auðvelt tvöfalt bókhald.

T e i k n u n .

Kenslunni er ætlað að glæða eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af einföldum hlutum, sem þeir hafa fyrir sjer.

S ö n g u r .

Kenslan miði að því að æfa rödd og eyra nemendanna með söng, einrödduðum og margrödduðum. Þeir læri nokkur undirstöðuatriði söngfræðinnar.

L e i k f i m i .

Daglegar æfingar inni eða úti eiga að stuðla að því, að nemendur megi hafa hraustan líkama og fiman. Skíðaferðir skal iðka mikið.

H a n d a v i n n a .

Stúlkur læri einkum saum og vefnað, en piltar búsmíðar í sambandj við búnaðarnámsskeið eða á annan hátt.

Í erindum um sjálfsuppeldi skal leggja sjerstaka áherslu á það, að styrkja og bæta viljann. 86
16. sept.

Kensla í kristnum fræðum sje aðallega fólgin í því, að lesa með nemendunum og skýra eitt eða fleiri guðspjöll og nokkra aðra kafla í ritningunni.

10. gr.

Þeir, sem stunda framhaldsnám, skulu læra allir íslensku og íslenskar bókmentir, eitt erlent tungumál (dönsku eða ensku), Íslandssögu (sjerstök tímabil rannsökuð eftir fönfum) og annaðhvort stærðfræði eða náttúrusögu. Að öðru leyti geta þeir hagað námi sínu í samráði við kennara sína og með hliðsjón af því, er þeir kunna að vilja taka fyrir síðar. Kenslan verður að nokkru leyti aðstoð og leiðbeiningar við sjálfsnám.

11. gr.

Við búnaðarnámsskeiðið fer fram verkleg kensla í jarðrækt og búsmíðum, ef ástæður leyfa.

12. gr.

Á miðsvetrarnámsskeiðum skulu flutt alþýðufræðsluerindi og framsögu-ræður um mál, sem tekin verða til umræðu á málfundum. Heimilt er skóla-stjóra að fá einnig aðstoð manna utan skólans til slíks fyrirlestrahalds.

IV. KAFLI.

Um próf.

13. gr.

Halda skal burtfararpróf í lok hvers skólaárs fyrir nemendur 2. deildar og árspróf fyrir yngri deild.

14. gr.

Prófað er í hverri námsgrein, nema hvað teiknimyndir og hannyrðir nemenda leggjast til grundvallar, þegar dæmt er um teiknun og handavinnu.

15. gr.

Kennarar skólans prófa, en ráðuneytið skipar prófdómara, til þess að velja með þeim um verkefni til prófsins og dæma með þeim um frammistöðu nemenda.

16. gr.

Eina einkunn skal gefa í hverri námsgrein, nema í íslensku tvær, fyrir munnlega og skriflega íslensku, Einkunnirnar fyrir munnlega íslensku og Ís-

86 landssögu skal tvöfalda. Í söng og leikfimi er engin einkunn gefin. Sjerstök
 16. sept. einkunn sje gefin fyrir kunnáttu í ensku og í jarðrækt, ef óskað er.

17. gr.

Einkunnirnar eru þessar: Ágætlega = 6, dável = 5, vel = 4, laklega = 3, illa = 2 og afarilla = 1. Einnig má gefa brotin $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$, sem liggja milli þessara talna.

Aðaleinkunn er nefnd ágætiseinkunn, fyrsta, önnur eða þriðja einkunn og talin í stigum, en reiknuð 8 stig fyrir einkunnina ágætlega, 7 fyrir dável, 5 fyrir vel, 1 fyrir laklega, ÷ 7 fyrir illa og ÷ 23 fyrir afarilla. Taka skal tillit til brotanna við útreikning stigafjöldans að rjettri tiltölu. Til ágætiseinkunnar þarf $7\frac{1}{2}$ stig til jafnaðar í hverri grein, til fyrstu einkunnar 6 stig, til annarar einkunnar $4\frac{1}{2}$ stig og til þriðju einkunnar 4 stig.

18. gr.

Til þess að standast próf, þarf að minsta kosti þriðju einkunn. Enginn nær heldur burtfararprófi með lægri einkunn en „vel“ í íslensku skriflegri og munnlegri.

19. gr.

Þeir, sem stunda framhaldsnám, eru undanþegnir prófskyldu.

V. KAFLI.

Um kennara skólans.

20. gr.

Kennarar eru skólastjóri og tveir fastir kennarar. Enn fremur skal sjeð fyrir nægri aðstoðarkenslu. Skólastjóri annast stjórn skólans, hefir eftirlit með kenslu, reglu, skólahúsi og áhöldum.

21. gr.

Kennarar skulu ásamt skólastjóra styðja að góðri reglu og hollu skólalífi með markmið skólans fyrir augum.

22. gr.

Á kennarafundum skal rætt um samvinnu kennaranna, fyrirkomulag kenslu og prófa, bókakaup og áhalda og önnur mál, er skólann varða.

VI. KAFLI.

86

16. sept.

Um nemendur skólans.

23. gr.

Nemendur eru skyldir til að hlýða reglugjörð þessari og heimilisreglum þeim og skólareglum, sem skólastjóri kann að setja.

24. gr.

Nemendur eiga að sækja allar kenslustundir, þegar þeir eru heilbrigðir, nema þeir fái undanþágu hjá skólastjóra eða hlutaðeigandi kennara.

25. gr.

Umgengni nemenda um hús skólans á að vera góð og þeir fara vel með muni hans. Valdi nemandi skemdum, bæti hann fullum bótum. Ef fullvíst er, að slíkar skemdir hafi orðið af völdum nemenda í ákveðinni deild og enginn gengst við, skulu nemendur þeirrar deildar borga allir í fjelagi.

26. gr.

Ef nemandi hegðar sjer ósæmilega, eða skólavistin er gagnslaus sjálfum honum eða skaðleg öðrum, getur skólastjóri vísað honum burt úr skólanum, en leita verður hann álits kennaranna um málið. Nú er nemandi vísað burtu og ber skólastjóra þá tafarlaust að tilkynna það ráðuneytinu.

VII. KAFLI.

Um kenslutíma og leyfi.

27. gr.

Skólinn byrjar 20. okt. og endar 10. maí.

28. gr.

Búnaðarnámskeið skal haldið frá 14. maí til 30. júní. Verði ekki unnið að jarðrækt framan af þeim tíma sökum óhagstæðs tíðarfars, skal kenna í staðinn búsmíðar.

29. gr.

Í hverri viku skulu vera 30—36 kenslustundir í hvorri deild. Hver kenslustund sje þrjár stundarfjórðungar. Skólastjóri semur stundaskrá í samráði við kennarana.

86
16. sept.

30. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. desember.

Jólaleyfi 23. des. til 2. jan.

Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

Sumardagurinn fyrsti.

Auk þess getur skólastjóri gefið leyfi einn dag í hverjum mánuði.

31. gr.

Reglugjörð til bráðabirgða frá 15. mars 1919 er feld úr gildi.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Sigf. M. Johnsen.

87
17. sept.

HAFNARREGLUGJÖRÐ

fyrir

Neskauptún í Norðfirði.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Neskauptún í Norðfirði.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Norðfjarðarhöfn tekur yfir Norðfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes,